

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2017

Fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2017 er lögð fram án lífeyrisskuldbindinga þar sem fyrir liggur skriflegt samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra fh. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28.10.2016 um yfirtöku ríkisins á 97% lífeyrisskuldbindinga Höfða. Samkvæmt sama samkomulagi skuldbinda sveitarfélagin sig til þess að gera upp það sem eftir stendur eða 3%.

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir hallarekstri upp á kr. 14.538.000 sem er mikil breyting frá fjárhagsáætlunum fyrri ára.

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 829,1 mkr. og aukast um 66,1 mkr. milli ára eða um 8,66% frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2016.

Megin skýring á auknum tekjum milli ára er að nýr rammasamningur um rekstur hjúkrunarheimila er að tryggja hærrí tekjur, auk þess sem RUG þyngdarstuðull Höfða er að hækka um 2,88% milli ára en hjúkrunarþjónustu hluti daggjalda lítur breytingum á þyngdarstuðli auk verðlags- og launabreytinga. Tekjuáætlun er lögð fram með fyrirvara um að fjárlög ársins 2017 hafa ekki verið lögð fram og því liggja ekki fyrir verðlags- og launaforsendur ríkisins. Þær forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning á daggjöldum næsta árs skv. nýjum rammasamningi.

Varðandi gjaldahlið fjárhagsáætlunar þá liggja til forsendu þar viðmið sem samþykkt voru í bæjarráði Akraneskaupstaðar. Þar er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld án lífeyrisskuldbindinga hækki um 6,3% frá fjárhagsáætlun ársins 2016. Aðrir gjaldaliði hækki um 3,2%. Þar sem miklar breytingar hafa orðið á samsetningu rýma heimilisins auka fyrirhugaðra skipulagsbreytinga sem taka gildi um áramótin, er áætlunin aðlöguð að þeim breytingum. Launaáætlun er unnin út frá stöðugildum eftir breytingar og á grundvelli launabreytinga í kjarasamningum sem gilda á árinu 2017. Aðrar kostnaðarliði eru einnig aðlagðir að breytingum.

Laun og launatengd gjöld nema 646,9 mkr. og hækka um 65,6 mkr. eða um 11,28% frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2016. Mest er hækkun vegna boðaðra hækkana á móttframlögum LSR og Brúar í A-deildir sjóðanna. Laun og launatengd gjöld eru áætluð útfrá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hvert starf fyrir sig.

Annar rekstrarkostnaður nemur 154,0 mkr. og hækkar um 7,4 mkr. eða um 5%. Megin skýring á hækkun milli ára er vegna hækkunar á framlagi til viðhalds og lækniþjónustu. Óvissa er með hver lækni- og lækisgjöld heimilisins verður á árinu 2017 þar sem ekki hefur verið gengið frá samningi við HVE um lækniþjónustu. Á móti hækkunum kemur lækun á liðum eins matvælum og hjúkrunarvörum. Á haustmánuðum tók Höfði þátt í sameiginlegu kjötútbóði með Hrafnistu, Grundarheimilum og Eir. Niðurstaða útbóðsins tryggir Höfða verulega lækun á innkaupsverði eða allt að 16%. Einnig var gerður samningur við HVE um kaup á hjúkrunarvörum sem tryggir okkur mun hagstæðara verð en áður var.

Fjármagnsliðir nema nettó 17,3 mkr. og lækka um 0,6 mkr. eða um 3,2%.

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi 23,2 mkr. og lækkar um 10,4 mkr. milli áætlanna eða um 30,9 %.

Fjármögnunarhreyfingar nema 16,6 mkr. og er þar einungis um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins. Lækkun á fjármögnunarhreyfingum milli ára nemur 28,9 mkr. eða um 63,5% og munar þar mest um að ekki er lengur um að ræða greiðslu á lífeyrisskuldbindingum vegna yfirtöku þeirra á árinu 2016.

Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Gert er ráð fyrir að handbært fé hækki um 6,6 mkr. og að handbært fé í árslok 2017 nemi 110,4 mkr.

Frá framlagningu fjárhagsáætlunar 2016 hefur orðið sú breyting að búið er að semja við ríkið um yfirtöku á 97% af lífeyrisskuldbindingu heimilisins ásamt því að Akraneskaupstaður hefur skuldbundið sig til að gera upp þau 3% sem eftir standa. Því mun Höfði losna undan lífeyrisskuldbindingum sínum að fullu fyrir árslok 2016. Við það breytist eiginfjárstaða heimilisins mikið eða úr því að vera neikvæð um 802,5 mkr. skv. fjárhagsáætlun 2016 yfir í að vera með jákvætt eigið fé upp á 251,3 mkr. í árslok 2017 samkvæmt framliggjandi áætlun.

Einnig var nú á haustmánuðum gengið frá gerð rammasamnings milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Þó svo að ekki hafi náðst nema lítill hluti samningsmarkmiða SFV um gerða rammasamnings er samningurinn skref í rétta átt. Samningurinn gildir út árið 2018. Samkvæmt samningi verða skipaðir þrír starfshópar sem munu fjalla um rekstrarlíkan, húsnæðismál og endurskoðun á RUG stuðla í RAI mati. Starfshópar eiga að skila niðurstöðum á árinu 2017 og 2018.

Akranesj, 21. nóvember 2016

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri